

Könnunarskurður á Búðum á Snæfellsnesi



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr.15-22

Júní 2022

Forsíðumynd: Snæfellsjökull séð frá Búðum. Ljósmynd Margrét Hallmunds

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	3
2.	ÚTDRÁTTUR.....	4
3.	SAGA SVÆÐISINS	4
4.	FORSAGA RANNSÓKANRINNAR.....	8
5.	STJÓRNSÝSLA OG FJÁRMÖGNUM	8
6.	ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM RANNSÓKNINA.....	8
7.	AÐFERÐAFRÆÐI	8
8.	STÆRÐ OG UMFAG UPPGRAFTAR.....	9
9.	LÝSING MANNVIRKA/SKURÐA.....	10
10.	GRIPIR.....	12
11.	NIÐURSTAÐA.....	13
12.	HEIMILDASKRÁ	14
13.	SKRÁR.....	15
	13.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá)	15
	13.2 Fundaskrá.....	15

1. INNGANGUR

Að beiðni Margrétar Bjarkar Björnsdóttir fyrir hönd kirkjunar á Búðum og framkvæmdafélags Hótel Búða gerði Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða könnunaskurð i garðlag, sem er að hluta undir vegi sem liggur frá Hótel Búðum á Snæfellsnesi og að Búðakirkju.

Grunnupplýsingar: Rannsóknarnúmer 202205-0153.

ÞJMS númer 2022-32

Stutt lýsing rannsókna: Könnunarskurður til að kanna eðli og umfang á garðalgi sem virðist vera fjárrétt og er að stæðstum hluta undir vegi. Minjavörður Vesturlands fór fram á að rannókin yrði gerð.

Tegund rannsókna: Framkvæmdarannsókn vegna breytinga á vegi að Búðakirkju og umsókn um leyfi til að hylja restina af garðinum

GPS hnit ISN93: ISN2016: 2491961,287458

Rannsóknartími: 27.05.2022

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir



Kort 1. Guli punkturinn sýnirstaðsetningu Búða á snæfellsnesi

2. ÚTDRÁTTUR

Í lítilli hraundæld fast við veginn sem liggur frá Hótel Búðum og að Búðakirkju er L-laga garðlag sem er að stæðstum hluta undir núverandi vegi. Á loftmynd frá um 1950 sést að áður var þessi hraundæld mikið stærri og þar var ferkanntað mannvirki sem er að öllum líkindum fjárrétt. Þessi fjárrétt fór að stæðstum hluta undir þegar vegur var gerður þarna um. Minjavörður Vesturlands hafði tekið út svæðið vegna framkvæmda og farið fram á að könnunarskurð í uppistandnadi leyfar garðsins til að kanna eðli og umfang og hvort eldri minjar leyndust undir minjunum sem sáust á yfirborði. Grafa var fengin til að taka snið í gegn um garðlagið og var það hreinsað og teiknað. Grafið var niður á hraunklökk.



Kort 2. Herformingaráðskort af Búðum þar sem hús og kirkja eru merkt.

3. SAGA SVÆÐISINS

Saga Búða er löng og merkileg. Getið er um höfn í Hraunhafnarósi í Eyrbyggju „Það saman sumar komu þeir bræður út í Hraunhafnarósi, Björn og Arnbjörn. Björn var síðan kallaður Breiðvíkingakappi. Hafði Arnbjörn þá góða peninga út haft og keypti hann þegar um sumarið er hann kom út land á Bakka í Hraunhöfn og gerði þar bú um vorið eftir. Hann var um veturinn á Knerri með þórði blíg mági sínum“¹. Talið er að snemma á öldum hafi risið upp verbúðir við Hraunsfjarðarós í landi Hraunhafnar og þaðan sé nafnið Búðir tilkomið²

¹ Eyrbyggja 40. Kafli Snærpa.is,o

² Gunnlaugur Jónsson.Saga Búða og Hraunhafnar.1995:22-23

Á 14. öld eiga margar jarðir í Staðarsveit verbúðir á Búðum.³ Árið 1364 byrjar Helgafellsklaustur að sölsa undir sig búðaaðstöðu á Búðum, fyrst með kaupum á Vatnsholti í Staðarsveit sem það selur svo án hluninda og heldur eftir búðaaðstöðu með tilheyrandi skipuppsátri. Á nokkum áratugum tekst klaustrinu að sölsa undir sig með kaupum og gjöfum, allar jarðir sem áttu búðir og skipuppsátur á Búðum⁴. Síðar þegar klaustrið ef aflagt um siðaskipti verða eigir þess konungseignir og eru svo þegar jarðabók Árna og Páls er skrifuð rétt eftir 1700 og helst sú eingnaðild í um 200 ár eftir það.⁵

Orðið búðir er haft yfir hús þar sem tímabundin búseta er, eins og verslunarbúðir, þingbúður og sjóbúðir. En það voru ekki aðeins sjóbúðir á Búðum.



Mynd 1. Vatnslitamynd eftir Colingwood sem er í ferðabók hans sem gefin var út og nefnist *Fegurð Íslands og fornir sögustaðir*. Myndin er af bænum á Búðum er hann heimsótti staðinn.

Hraunfjarðarós var hafnaraðstaða og í fornum heimildum eins og Eyrbyggju er getið um kaupskip sem liggja þar og menn taka sér far með kaupskipum frá Hraunfjarðarósi. Líklegt verður að telja að þar hafi verið kaupbúðir þar sem kaupskip lágu. Rétt eins og í Kolkuósi í Skagafirði þar sem kaupskip lágu og þar hefur verið rannsakaður mikill fjöldi af verslunarbúðum var Kolkuós hin forna meginhöfn Skagfirðinga og er stæðsti hluti búðana þar frá 12. öld og sumar frá því fyrir 1104⁶. Hraunfjarðarós hefur því án efa verið aðalhöfn landnema á Snæfellsnesi og fjölmargar tilvitanir í Íslandingsögum um skip sem

³ Gunnlaugur Jónsson. Saga Búða og Hraunhafnar. 1995:23

⁴ Gunnlaugur Jónsson. Saga Búða og Hraunhafnar. 1995:28-29.

⁵ Gunnlaugur Jónsson. Saga Búða og Hraunhafnar. 1995:23

⁶ Ragnhildur Traustadóttir. Kolkuós í Skagafirði, framvinduskýrsla 2011. 2012:8

leggja að og fara frá höfninni og hefur líklega haldist með aðal kaup og fiskfangshöfn frá landnámi og framá 19. öld.⁷ Í Örnefnaskrá búða eftir sem Lúðvík Kristjánsson skráði árið 1935 segir „Öll drög liggja til þess að þangað hafi verið siglt kaupförum til forna. Eyrbyggja nefnir eigi á fáum stöðum að menn tækju sér far með skipi úr Hraunhafnarósi. Þaðan fór Björn Breiðvíkingakappi, er hann hélt héðan af landi síðast. Árni Magnússon getur þess og einnig að kaupförum sé lagt í ósinn“⁸

Það er ekki alveg vitað hvenær fólk fór að setjast að á svæðinu til búsetu en flestar gras og þurrabúðir voru reistar þar á áratugum fyrir og eftir 1700. En nýbýli voru reist á Hraunhafnarjörðinni með grasnyt og hefur það verið með vitund og vilja landeiganda eða umboðsmanns hans. En í Jarðabók Árnar og Páls er getuð um Hraunhafnarjörð (heimajörð) og svo Hraunhafnarkot (efta og neðra) Búðabæ og



Mynd 2. Mynd sem sýnir líklega eina af litlu þurrabúðunum á Búðum. Myndin er úr ferðabók Olive Murray Chapman. *Across Iceland, The Land of Frost and Fire*.

⁷ Gunnlaugur Jónsson. Saga Búða og Hraunhafnar. 1995:32-33

⁸ Lúðvík Kristjánsson Örnefnaskrá Búða. 1935. Stótt á nafnið.is

Balabúð.⁹ Einnig telur jarðabókinn upp 17.búðir sem tilheyra Hraunhöfn sem ýmist eru skráðar grasnytjabúðir eða þurrabúðir þær eru eftifarnadi.

Þórarinsbúð-Þurrabúð

Snæbjarnarbúð-Grasnytjarbúð

Valdísarbúð- G-Þrasnytjarbúð

Sverrisbúð- Grasnytjarbúð

Jörundarbúð-Þurrabúð

Gjóta- Grasnytjarbúð

Bentshús- Grasnytjarbúð

Oddshjallur-Þurrabúð

Oddsbúð- Grasnytjarbúð

Fjósabúð-Þurrabúð

Oddskofi-Þurrabúð

Guðrúnarbúð-Þurrabúð

Teitsbúð Grasnytjarbúð

Arabía- Grasnytjarbúð

Borguhjallur-Þurrabúð

Snoppa-Þurrabúð

Flestar eru þær byggðar í lok 17.aldar og byrjun 18. aldar.

Gamli verslunarstaðurinn var þar sem nú er er kallað gamli kaupstaður og er það hinum megin við ósinn frá Hótel Búðum. Þann stað tók af í miklu óverðri sem gekk yfir landið árið 1799 og olli miklu tjóni á landinu og lagði meðal annars af kaupstaðinn Básenda á Reykjanesi og verslunarhúsin á Eyrarbakka en líka verslunarstaðinn á Búðum. Á Suðurlandi er þetta veður kallað Básendaflóðið en á Snæfellsnesi Músabylurinn. Í örnefnaskrá Lúðvíks segir „*Beint á móti því að austanverðu við ósinn eru melflesjur og var þar gamli kaupstaðurinn, en hann eyðilagðist, eins og kunnugt er, í Músabylnum 1799. Enn*

⁹ Gunnlaugur Jónsson. Saga Búða og Hraunhafnar. 1995:2337-38

sér fyrir miklu grjóti, þar sem verzlunarhúsin hafa staðið, og hafa gamlir menn og kunnugir sagt mér, að til skamms tíma hafi séð þar á tré upp úr sandinum, er þeir ætla að hafi verið fótbönd einhvers hússins, sem þarna stóð. Jón Espólín segir svo frá eyðileggingu Búðakaupstaðar 1799: aftók nær Búðakaupstað, en eitt hús brotnaði að öllu, nema rjáfrið, kom gat á annað, en grundvöll gróf undan því þriðja¹⁰.

Saga Búða er því saga verslunar, hafnar, fiskveiða og búskapar og upphaf fyrstu þéttbýliskjarna á landinu og án efa mikil saga sem sandurinn geymir á Búðum og merkilegt rannsóknarefni.

4. FORSAGA RANNSÓKANRINNAR

Beðið var um rannsóknina af Margréti Björk Björnsdóttur og Erni Andréssyni sem standa sameiginlega að framkvæmdum í samvinnu við Vegagerðina. Magnús Sigurðsson minjavörður Vesturlands hafði tekið út svæðið og bennt á að til að þess að fá leyfi til að hlylja restina af garðlanginu þyfti að fara fram rannsókn með gerð könnunarskurðar. Haft var samband við fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða sem annaðist rannsóknna.

5. STJÓRNSÝSLA OG FJÁRMÖGNUM

Rannsóknin er fjármögunuð af verkkaupum sem eru Búðakirkja og framkvæmdafélag Búða.

6. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM RANNSÓKNINA

Rannsóknin fór fram þann 27. maí 2022 og var gerð af Margréti Hallmundsdóttur fornleifafræðingi. Grafa var fengin til að taka skurð í gegn um garðin og var breidd hans 1. m og var skurðurinn tekin í styttri hlið garðsins sem snýr í norður.

7. AÐFERÐAFRÆÐI

Við rannsóknina var notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafin upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög

¹⁰ Lúðvík Kristjánsson Örnefnaskrá 1935.

vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.

Gripir eru skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir voru varðveittir . teikning var handteiknuð á teikniplast í hlutföllum 1/20. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS 650 með 18/55 mm linsu og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma og ípad.

8. STÆRÐ OG UMFAG UPPGRAFTAR

Gerður var einn skurður í gegn um skemmri hlið L laga garðs sem eftir var og ekki var komin undir veg. Uppmokstur var um 1 rúmmetri. Grafið var inn í réttina,




Mynd 3. Ljósmynd af réttinni fyrir rannsókn. Ljósmynd MHH.

9. LÝSING MANNVIRKA/SKURÐA

Skurðurinn var einn eins og áður hefur komið fram og var 1. m á breidd og 4. m á lengd.

Mannvikið er líklega fjárrétt sem helmingur var eftir af. Hún er staðsett í skjóli og hefur verið umkirngd hraunkannti á þrjá vegu. Aðeins var eftir L laga patur og var lengri hliðin 9. m og sú skemmri 5. m samkvæmt myndum virðist þetta verða helmingur réttarinnar sem eftir er. Hæð réttarinnar var um 1. m að meðaltali en um 1.20 þar sem hún var hæst. Réttin var gerð þannig að hlaðið hefur verið upp hraungrýti **[102]** og fyllt með þétu jarðlagi **[101]** sem var leirkend mold með sandi. Þéttleiki þessa fyllingarefnis sem var dökkbrúnt, var mun meira en venjulegs torfs og var fyllingin mjög leirkend. Ekkert torf var í garðinum. Líklegar hafa grjóthleðslunar verið 5 raðir af frekar stóru hraungrýti sem læssist vel saman. Sást í þessar raðir, sérstaklega á langhlið. Garðurinn sem myndaði réttina, er voldugur og var þetta vel byggt mannvirki sem ekki var farið að hrynja mikið.

Snið var teiknað og hreinsað og kom í ljós nokkrir gripir og nokkið af dýranbeinum sem hafa komið með efninu sem var notað sem fylling. Þetta bendir til að fyllingarefnið hafi verið tekið nærri mannabyggð eða öskuhaugi. Keramik og gler benti ekki til þess að fyllingin væri gömul og því líklegt að mannvikið sé ekki gamant. Í sandlagi **[103]** sem var undir fyllinguni var þunnt rúðugler sem var ekki blásið og því ekki gamalt. Réttinn var byggð sléttri hraunklöpp og því engin möguleiki á því að eldri minjar séu undir á þessum stað.



Teiking 1. Teikning af sniði garðsins.



Mynd 4. Ljósmynd af sniði garðsins. Ljósmynd MHH.



Mynd 5. Loftmynd frá 1956 af Búðum og þarna sést réttin vel og sést að helmingur hennar hefur farið undir veginn. Loftmynd: Landmælingar Íslands.

10. GRIPIR

Gripir voru í fyllingu garðsins sem bendir til þess að fyllinginn hafi verið sóttt annað hvort nærri mannabústöðum eða ruslahaug. Gripirnir voru ekki gamlir og undir garðinum var rúðugler sem var ekki handblásið og var það mjög þunnt sem bendir til þess að það hafi ekki verið mjög gamalt.



Mynd 9. Þunnt rúðugler sem var undir garðlaginu



Mynd 6. Brúnt flöskugler sem var í fyllingu garðsins.



Mynd 8. Brot úr kaffibolla úr glerjuðum steinleir sem var í fyllingu garðsins.



Mynd 7. Tönn, fiskibein og dýrabein úr fyllingu garðsins

11. NIÐURSTAÐA

Rannsóknin leiddi í ljós að líklega er um að ræða fjárrétt sem byggð hefur verið inn í þessari náttúrulega hraunmyndun. Réttin er ekki gömul og eru það gripir í fyllingu og undir henni sem benda til þess. Líklegast er hún gerð á seinni hluta 19. aldar eða á 20. öld.

Réttin er byggð á sléttu hrauni og er því ekkert eldra undir henni. Hún er grjóthlaðin úr hraungrýti og fyllt með leirkendu moldarlagi.

12. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi.*

Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð.

Eyrbyggja saga (1935). Íslenzk fornrit IV. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Haraldur Hannesson et al. (ritstj.) (1988). *Fegurð Íslands og fornir sögustaðir.*

Svipmyndir og sendibréf úr Íslandsför W. G. Collingwoods 1897. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Ragnheiður Traustadóttir (2012) *Kolkuós í Skagafirði, framvinduskýrsla 2011.* Hólarannsóknin.

Olive Murray Chapman (1930) *Across Iceland, The Land of Frost and Fire.* London 1930.

Viktor Sveinsson. (1995) *Saga Búða og Hraunhafnar.* Bókaútgáfa Viktors Sveinssonar.

Örnefnaskrá Búða (1935) Kristján Lúðvíksson safnaði. Örnefnastofnun. Tekið af nafnið.is

13. SKRÁR

13.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá)

Context	Staðsetning	Tegund	Dags.	Nafn	Lýsing
101	Skurður	Jarðlag	27.05.2022	MHH	Fylling í garði
102	Skurður	Grjótleðslur	27.05.2022	MHH	Hraungrýti sem myndir veggi garðsisns
103		Jarðlag	27.05.2022	MHH	Svart sandlag sem lagt hefur verið á hraunklöpp undir garðinn.

13.2 Fundaskrá

Fundanr	Context	Tegund	Hlutverk	Dags.	Nafn	Lýsing
1	101	Gler	Flaska	27.05.2022	MHH	Brúnt brot úr flöku
2	101	Leirker	kaffibolli	27.05.2022	MHH	Brot úr kaffibolla. Glerjaður steinleir
3	101	Bein	(sýni)	27.05.2022	MHH	Þrjú bein, tönn, fiskbein og dýrabein.
4	103	Gler	Rúðugler	27.05.2022	MHH	Þunnt rúðugler